# Ritgerðarblað eða ræða, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Menntaskólinn í Reykjavík – Stílar - Ritgerðir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-2, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1 Það eru nú þrjátíu ár síðan Kvenréttindafélagið var stofnað, félag sem hafði ~~það~~ eingöngu á sinni stefnuskrá að konur fengu full réttindi á móts við aðra þegna í hinu íslenska þjóðfélagi. ~~Það var raunar annað fél~~ Hið íslenska Kvenfélag sem var stofnað 1894 hafði raunar á stefnuskrá sinni að berjast fyrir jafnrétti kvenna, ~~en síðan~~ þar voru þar í broddi fylkingar okkar ágætu frelsis og ~~jafnréttiskonur~~ kvenréttindakonur frændkonurnar Þorbjörg Sveinsdóttir og Ólafía Jóhannsdóttir, en þegar svo þeirra misti við, Þorbjörg andaðist 1902 og Ólafía fór þá árið eftir til útlanda, ~~þá eins og heldur dofnaði yfir kvennréttinda var~~ þá lét ~~um skeið á~~ Hið íslenska kvenfélag ~~lét~~ um skeið líknar og sjúkramál meira til sín taka þó það alt af hafi ~~fylgt alveg~~ tekið samtímis þátt í jafnréttismál

unga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2

Mér þykir nú hlýða að skygna ögn frá, upp úr hverskonar jarðvegi hin almenna kvenréttinda hreyfing hér í Reykjavík spratt, og lofa unga fólkinu að skygnast aftur í tímann og fá hugmynd um, hve miklu Grettis taki í frelsis og jafnréttismálum hefir verið lyft, síðan 1905; ekki eingöngu í kvenréttinda málunum, heldur í sjálfstæðis og réttinda málum okkar ástkæra Íslands.

Það var um 1906 sem fánahreyfingin var fyrst fyrir alvöru hafin af stúdentum fyrir forgöngu Landvarnarmanna.

Þið sem aldrei hafið séð annan fána blakta ~~en íslenska fánann~~ á húsum opinberum byggingum og ~~skip~~ íslenskum skipum.

Hvernig myndi ykkur þykja ef þið sæjuð hvergi annan fána en Dannebrog

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur